Nr. 18.
4.
nóvbr.

# Lög

um

## veð.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ef skuld, sem handveð er fyrir, er eigi borguð í gjalddaga, eða vextir á ákveðnum tíma, hefur veðhafi rjett til að láta selja veðið á uppboðsþingi, en gjöra skal hann veðsala áður aðvart um það, svo vottfast sje, með 8 daga fyrirvara, og sje veðsali ókunnur eða heimili hans, skal veðhafi stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa út veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í auglýsingar stjórnarvalda.

2. gr.

Eigi missir lánardrottinn kröfu sína, þótt handveð glatist, nema vangæzlu hans sje um að kenna.

3. gr.

Rjett er, að ákvæði það, sem um er getið í tilskipun 18. febr. 1847 um fje ómyndugra á Íslandi 10. gr., sje sett í hvert það veðskuldabrjef, er fasteignartrygging veitir.

4. gr.

Engum er heimilt, eptir það að lög þessi öðlast gildi, að veðsetja allt það, er hann á og eignast kann.

Enginn má, eptir það að lög þessi öðlast gildi, setja að sjálfsvörzluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar, og einkenndir eru einu almennu nafni.

# Lov

Nr. 18.
4de
Novbr.

om

# Pant.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Naar den Gjæld, hvorfor haandfaaet Pant er stillet, ikke ved Forfaldstid betales, eller Renterne ikke i rette Tid erlægges, har Panthaveren Ret til at lade Pantet sælge ved offentlig Auktion efter derom vidnefast at have advaret Pantsætteren med 8 Dages Varsel, eller, dersom denne ikke kjendes, eller hans Bopæl ikke vides, efter med 14 Dages Varsel at have indkaldt Vedkommende til at løse Pantet ved en offentlig Bekjendtgjørelse i den til retslige Bekjendtgjørelser bestemte Tidende.

§ 2.

Kreditor taber ikke sin Fordring, fordi den ham til haandfaaet Pant stillede Ting forkommer, med mindre det skyldes Mangel paa Paapassenhed fra hans Side.

§ 3.

Den i Anordning angaaende Umyndiges Midler i Island af 18. Februar 1847 § 10 omhandlede Klausul kan retsgyldig vedtages i enhver Panteobligation, hvorved der gives Underpant i fast Ejendom.

§ 4.

Villiesbestemt Pant i Alt, hvad Pantsætteren ejer og ejendes vorder, kan, efter at denne Lov er traadt i Kraft, ikke retsgyldig stiftes.

Ej heller kan villiesbestemt Underpant i Løsøre, efter at denne Lov er traadt i Kraft, gives i Samlinger af ensartede eller til fælles Brug bestemte Ting, der betegnes ved almindelige Benævnelser.

Nr. 18. 4. nóvbr. Þó er leiguliða heimilt að setja landsdrottni að sjálfsvörzluveði áhöld þau, er hann á til að yrkja leigujörð sína, svo og afurðir bús síns, þeim skuldum til tryggingar, sem hann er kominn eða kann að komast í við landsdrottinn sinn, og af ábúðinni leiða.

5. gr.

Þegar jörð er sett að veði, er rjett svo um að semja, að jörðinni skuli fylgja auk kúgilda og jarðarhúsa, önnur tiltekin hús á jörðinni, áhöld, búsgögn og heyforði sá, sem á henni er í hvert skipti.

6. gr.

Rjett er þeim, sem veðsetur verksmiðjur eður önnur iðnaðarhýsi, að semja svo um, að vjelar eða önnur iðnaðaráhöld og verkefni skuli fylgja fasteigninni.

7. gr.

Nú veðsetur maður nokkuð af lausafje sínu, en handselur eigi veðið, og skal þess þá ávallt gætt, að veðsali skrifi undir veðskuldabrjefið í viðurvist tveggja áreiðanlegra manna, er gæti þess nákvæmlega, að rjett dagsetning sje á því.

Eigi veðsali heimili í Reykjavík, skal lesa veðbrjefið á fyrsta eða öðru þingi eptir að það er dagsett, og fær brjefið, ef útaf er brugðið, eigi veðgildi frá þinglestrardegi, þótt síðar verði lesið.

Eigi veðsali heima annarstaðar en í Reykjavík, skal lesa veðbrjefið á manntalsþingi hinu næsta eptir að það er dagsett, og fer um það sem segir áður, ef út af er brugðið. Hafi það verið þinglesið á rjettum tíma, en áður sýnt til þess að það verði ritað fyrir fram í afsals- og veðmálabókina, svo sem segir í tilskipun 24. apríl 1833 4. gr. og opnu brjefi 28. apríl 1841, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, og skal þá lesa brjefið að nýju á þingi þar og eigi síðar en áður segir frá þeim degi er hann þangað kom.

Svo skal og þinglesa allar veðskuldbindingar, sem þegar hafa gefnar verið fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafje eður sjálfsvörzluveði í einstökum munum, ella eru þær ógildar. Skal það gjöra á manntalsþingi hinu fyrsta eptir það, að lög þessi öðlast gildi, ef veðsali á annarstaðar heima en í Reykjavík, en sje hann búsettur þar, þá á fyrsta eða öðru þingi eptir það að lög þessi ná gildi.

Það leiðir að öðru leyti af grundvallarreglum núgildandi laga, að engin veðskuldbinding fær, þótt þinglesin sje, nokkurt gildi að því er snertir ríkisskuldabrjef, hlutabrjef, veðskuldabrjef eður önnur slík brjef þeim til tjóns, er þau síðar hafa löglega afhent verið að handveði eður til eignar, nema ritað hafi verið á þessi verðbrjef með ljósum orðum, að veðskuldbindingin nái til þeirra.

Ved Leje af Jord skal Lejetageren dog retsgyldig kunne give Underpant i sine til Bedriftens Udøvelse hørende Ejendele, samt i Produkterne af Bedriften for de Krav, som Udlejeren i Anledning af Brugsforholdet maatte have eller faa paa ham.

§ 5.

Ved Pantsætning af Landejendom kan det vedtages, at foruden de til denne hørende Kvilder og Huse ogsaa andre nærmere angivne Huse paa samme, Redskaber og Bohave, samt endvidere den til enhver Tid paa Ejendommen værende Høafgrøde skal anses som Tilbehør til Ejendommen.

§ 6.

Ved Pantsætning af Fabriker eller andre Bygninger til industrielle Anlæg kan det gyldig vedtages, at Maskiner eller andet Driftsmateriel og Driftsinventarium skal anses som Tilbehør til paagjældende faste Ejendom.

§ 7.

Naar Nogen ellers pantsætter noget af sit rørlige Gods, uden at det som haandfaaet Pant overleveres, skal det stedse iagttages, at det Dokument, hvorved Pantet stiftes, underskrives af Debitor i tvende gode Mænds Nærværelse, der nøje have at agte paa, at rette Udstedelsesdag i samme er anført.

Er Pantsætteren bosat i Reykjavik, bør Pantebrevet derhos thinglæses til første eller andet Thing, saa at Pantsættelsens Gyldighed, naar denne Termin er oversiddet, ikke senere kan indtræde ved Thinglæsning og regnes fra denne.

Udenfor Reykjavik bør under samme Paafølge Pantebrevet thinglæses paa næstpaafølgende Mandtalsthing efter dets Udstedelse. Er det saaledes thinglæste Pantebrev forinden forevist til foreløbig Antegning i Skjøde- og Panteprotokollen overensstemmende med Forordning 24de April 1833 § 4 og Plakat 28de April 1841, bliver dets Retsvirkning at regne fra den Dag, da saadan Forevisning fandt Sted.

Naar Debitor flytter til en anden Jurisdiktion, bør Dokumentet med Iagttagelse af de ovennævnte Frister fra Flytningens Foretagelse at regne læses ved denne ny Jurisdiktion.

Saa bør og alle de hidtil udstedte Forskrivninger, der angaa almindeligt eller specielt Underpant i Løsøre, om de skulle holdes i Kraft, thinglæses, hvis Pantsætteren bor udenfor Reykjavik, paa det efter denne Lovs Ikrafttræden nærmest paafølgende Mandtalsthing, og, om han er bosat i Reykjavik, til første eller andet Thing efter Lovens Træden i Kraft.

Det er iøvrigt en Følge af de gjældende Loves Grundsætninger, at ingen hypothekarisk Forskrivning, om den end behørigen er thinglæst, kan med Hensyn til Statspapirer, Aktier, Prioritetsobligationer eller andre deslige Pengeeffekter, komme i Betragtning til Skade for den, der senere paa lovlig Maade har faaet dem til haandfaaet Pant eller tilforhandlet sig samme, med mindre der er givet bemeldte Effekter en Paategning, der tydelig indeholder, at de ere indbefattede under hin hypothekariske Forskrivning.

Nr. 18.
4. nóvbr.

8. gr.

Nú verður maður gjaldþrota, og hefur gefið veðbrjef með sjálfsvörzluveði í lausafje, og er það þá ógilt, ef það eigi er dagsett fullum 8 vikum áður en bú hans var tekið til skipta sem gjaldþrota.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Fredensborg, 4. nóvember 1887.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

§ 8.

Underpanteret i Løsøre bortfalder, naar Pantebrevet er udfærdiget i de sidste 8 Uger før Pantsætterens Bo er taget under Konkursbehandling.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Fredensborg, den 4de November 1887.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*